

Alþingi
Erindi nr. **P** 136/297
komudagur 2.12.2008

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 1. desember 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis **frumvarp til laga um almenningsamgöngur**, 44. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Á vettvangi Eyþings hefur verið kallað eftir stefnu ríkisins varðandi almenningsamgöngur í landinu. Líta má á það sem eðlilegt framhald af vinnu nefndar sem skilaði af sér til samgönguráðherra í júlí sl. að stefna ríkisins sé sett í lög þar sem m.a. sé skýrt kveðið á um hlutverk og verkaskipti ríkis og sveitarfélaga í rekstri almenningsamgangna. Stjórn Eyþings gerir ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins en telur að eðlilegast hefði verið að samgönguráðherra legði slíkt lagafrumvarp fram á grundvelli fyrrnefndrar skýrslu.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 136/268
komudagur 28.11.2008

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 26. nóvember 2008

Tilvísun: 2008110032

50.03


Tilvísun yðar: Þskj. 44 - 44. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. nóvember sl., þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, 44. mál, heildarlög.

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS


Guðmundur Guðjónsson / Thelma Clausen Þórðardóttir

Alþingi - Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P /36/269
komudagur 28.11.2008



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. nóvember 2008
Tilvísun: UST20081100021/ki

Umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um almenningssamgöngur.

Vísað er í bréf Samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. nóvember 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, 44. mál, heildarlög.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir framangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Umhverfisstofnun telur að aukning hlutdeildar almenningssamgangna í samgöngum sé til bóta fyrir umhverfið og því beri að stuðla að breytingum sem hafa það að markmiði að auka þær. Markmið þessa frumvarps er að stuðla að öflugum, öruggum og hagkvæmum almenningssamgöngum í loft, á láði og legi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Enn fremur er markmiðið að auka hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum almennt, bæta skipulagningu þeirra og tryggja fjármögnun.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stuðla að aukinni hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum með skýrri lagasetningu. Það má gera hvort sem er með setningu sérлага um almenningssamgöngur eða breytingu á gildandi lögum. Umhverfisstofnun tekur ekki afstöðu til hvor leiðin skuli farin. Að mati Umhverfisstofnunar er grundvöllur fyrir að auka hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum að tryggja nægjanlegt fjármagn til uppbyggingu og reksturs þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr. Við greinina bætist hverjir sjái um framkvæmd laganna. Eðlilegt er að kveðið sé skýrt á um hver sjái um framkvæmd laganna. Við greinina bætist: „Framkvæmd laganna verður á hendi þeirra stofnana sem við á samkvæmt lögum um loftferðir, vegalögum og lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Einstök sveitarfélög bera síðan ábyrgð á framkvæmd laganna í sínu umdæmi.“


3. gr. Á eftir orðunum „Í samgönguáætlun“ í 1. mál. 1. mgr. 3. gr. komi: „sbr. lög um samgönguáætlun“. Til þess að það komi skýrt fram að átt sé við samgönguáætlun skv. lögum


um samgönguáætlun nr. 33/2008.

4. gr. Á eftir orðunum „10 þúsund íbúa er“ í 2. mli. 3. mgr. 4. gr. komi: „sveitarfélaginu“. Til þess að það komi skýrt fram að sveitarfélagi er skylt að skipuleggja almenningssamgöngur, séu íbúar þess fleiri en 10 þúsund.

6. gr. Við greinina bætist takmörkun á gjaldtökuheimild rekstraraðila. Við greinina bætist: „Gjald sem rekstraraðili almenningssamgangna innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til hjá rekstraraðila við þjónustuna“. Til þess að það komi skýrt fram að gjaldið sé innheimt til að standa undir kostnaði en ekki að skapa tekjur fyrir rekstraraðilann.

Virðingarfyllst


Helgi Jónsson


Kjartan Ingvarsson

Alþingi
Erindi nr. P 136/343
komudagur 8.12.2008

Nefndasvið Alþingis
Gautur Sturluson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. desember 2008
Tilvísun: 2008110010/90.12
SE/KHS/BH
4.11.2008.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, heildarlög.

Með bréfi dags. 04.11. sl. var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, heildarlög.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé efling almenningssamgangna sem lið í að bæta samgöngur og draga úr neikvæðum áhrifum þeirra.

Vegagerðin tekur undir að æskilegt geti verið að bæta almenningssamgöngur og margt í frumvarpinu sem er til þess fallið að stuðla að því. Vegagerðin vill þó benda á að í frumvarpinu er vísað til annarrar löggjafar um efnið, einkum laga um samgönguáætlun og laga um fólks- og vöruflutninga á landi, og vakna spurningar um hvort ástæða sé til sérstakrar lagasetningar um þetta efni fremur en að ráðast í endurskoðun á fyrirbyggjandi löggjöf.

Vegagerðin gerir einnig athugasemd við þann þátt sem snýr að forræði og ábyrgð á almenningssamgöngum hvað varðar almenningssamgöngur á landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög beri ábyrgð á almenningssamgöngum með bifreiðum innan sveitarfélaga en ríkið að öðru leyti. Er þar vísað til fyrirkomulags einkaleyfa á sérleyfisakstri samkvæmt lögum um fólks- og vöruflutninga á landi. Vegagerðin bendir á að almenningssamgöngur innan höfuðborgarsvæðisins eru milli sveitarfélaga. Önnur sveitarfélög hafa óskað eftir að fá einkaleyfi, sbr. væntanleg einkaleyfi til Árborgar, Hveragerðis, Borgarbyggðar, Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum, Eyþings og Héraðsnefndar Eyjafjarðar. Eðlilegra væri að horfa frekar til samstarfs milli sveitarfélaga fremur en að fela ríkinu alfarið forræði almenningssamgangna milli sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.